

Höldum áfram

D

xd.is



Sjálfstæðisflokkurinn á Akranesi

Frambjóðendur



1. Rakel Óskarsdóttir



2. Sandra Sigurjónsdóttir



3. Einar Brandsson



4. Ólafur Adolphsson



5. Þórður Guðjónsson



6. Kristjana Ólafsdóttir



7. Stefán Þór Þórðarson



8. Aldís Ylfa Heimisdóttir



9. Carl Jóhann Gränz



10. Ester Magnúsdóttir



11. Ingþór B. Þórhallsson



12. Rúna Björg Sigurðardóttir



13. Guðmundur B. Júlíusson



14. Ólöf Lind Ólafsdóttir



15. Daníel Þór Heimisson



16. Ólafur Grétar Ólafsson



17. Eiríkur Jónsson



18. Sigríður Indriðadóttir



© Gunnar Vidarsson

Fjölskyldubærinn Akranes

Sjálfstæðisflokkurinn á Akranesi ætlar að halda áfram ábyrgri fjármálastjórnun, skilvirkri stjórnsýslu, uppbyggingu íþróttamannvirkja og félagsaðstöðu sem styðja við heilsueflandi samfélag.

Við munum áfram stuðla að iðandi mannlífi í fallegum bæ með sterku skólasamfélagi og fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á traustum innviðum.





Sterkt skólasamfélag

Á Akranesi eiga fjölbreyttir hæfileikar barna og ungmenna að njóta sín til fulls í faglegu og metnaðarfullu skólasamfélagi.

Við höfum:

- ✔ Lagt grunn að framtíðarskipulagi skólstarfs í ört vaxandi samfélagi
- ✔ Veitt fjármunum til þróunar skólstarfs
- ✔ Hækkað frístundastyrk til barna á Akranesi
- ✔ Hafið snjall- og tæknivæðingu skólstarfs
- ✔ Aukið þjónustu við ung börn og foreldra þeirra
- ✔ Greitt fyrir námsgögn grunnskólanema

Við munum:

- Festa í sessi skólstarf í fremstu röð á Akranesi
- Huga að nýjum leikskóla og tryggja þannig öllum börnum frá tveggja ára aldri leikskólapláss
- Auka snjallvæðingu í skólstarfi
- Stuðla betur að samstarfi ólíkra skólastiga og tónlistarskóla
- Bæta aðstöðu og þjónustu frístundaheimila
- Tengja enn frekar frístundaheimili og tómstundir barna



Velferð fyrir alla

Á Akranesi fá ólíkir hópar þjónustu við hæfi, hér er fjölskylduvænt samfélag þar sem er gott að alast upp og eldast.

Við höfum:

- ✔ Skipulagt þjónustuíbúðir og félagsaðstöðu fyrir eldri borgara
- ✔ Undirbúið endurbætur á hjúkrunarrýmum á Höfða
- ✔ Gert þríhliða samkomulag Akraneskaupstaðar, dagforeldra og fjölskyldna og bætt þannig framboð á dagvistunarúrræðum
- ✔ Undirritað viljayfirlýsingu við íbúðafélagið Bjarg um aukið framboð á leiguhúsnæði
- ✔ Lagt grunn að nýjum íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun
- ✔ Stuðlað að fjölbreyttari atvinnutækifærum fyrir fólk með skerta færni
- ✔ Styrkt félagsstarf FEBAN

Við munum:

- Halda áfram að bæta aðgengi fólks með fötlun að mannvirkjum bæjarins
- Ljúka uppbyggingu félagsaðstöðu eldri borgara
- Ljúka uppbyggingu á nýjum íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun
- Tryggja dagvistunarúrræði að loknu foreldraorlofi
- Beita okkur fyrir endurnýjun tækjakosts HVE
- Þrýsta á ríkið um að fjölga hjúkrunarrýmum á Dvalarheimilinu Höfða



Heilsueflandi samfélag

Á Akranesi er heilsueflandi samfélag þar sem allir geta fundið sér viðeigandi hreyfingu og félagsstarf við hæfi.

Við höfum:

- ✔ Hafið byggingu frístundamiðstöðvar við Garðavöll
- ✔ Boðið út byggingu á fimleikahúsi við Vesturgötu
- ✔ Fjölgað göngu-, hjóla- og reiðstígum
- ✔ Endurbætt útisvæðið við Jaðarsbakkalaug
- ✔ Skipulagt framtíðaruppbyggingu við Jaðarsbakka
- ✔ Styrkt framúrskarandi íþróttamenn
- ✔ Hafið endurbætur á útileiksvæðum

Við munum:

- Hafa heilsueflingu að leiðarljósi við stefnumörkun og ákvarðanatöku
- Ljúka byggingu fimleikahúss og hefja uppbyggingu á íþróttasvæðinu við Jaðarsbakka
- Stofna afrekssjóð og halda áfram að styðja við framúrskarandi íþróttamenn
- Byggja reiðhöll í samstarfi við hestamannafélagið Dreyra
- Halda áfram uppbyggingu göngu-, reið- og hjólastíga
- Halda áfram öflugu samstarfi við íþróttahreyfinguna
- Halda áfram endurbótum og uppbyggingu á útileiksvæðum





Iðandi mannlíf í fallegum bæ

Á Akranesi fær sköpunarkraftur einstaklinga vel að njóta sín í fallegum bæ sem iðar af menningu og listrænum viðburðum.

Við höfum:

- ✓ Hafið endurbætur á götum bæjarins
- ✓ Bætt ásýnd gamla miðbæjarins
- ✓ Gert rannsóknir og áætlun um forvörslu og framtíð Kúttar Sigurfara
- ✓ Aukið flóru menningarviðburða
- ✓ Lokið mótun menningarstefnu Akraneskaupstaðar
- ✓ Hafið vinnu við nýja grunnsýningu á Byggðasafninu í Görðum
- ✓ Hugað að þéttingu byggðar með deiliskipulagi á Dalbrautarreit og Sementsreit
- ✓ Hlúð að útivistarperlum á Akranesi og hafið uppbyggingu í tengslum við þær

Við munum:

- Halda áfram endurbótum gatna og að bæta enn frekar ásýnd bæjarins
- Móta umhverfisstefnu og koma upp grenndargámum
- Fylgja úr hlaði menningarstefnu með stuðningi við og eflingu grasrótarinnar
- Stofna uppkaupasjóð til þéttingar byggðar og bættrar ásýndar bæjarins
- Stuðla að listsköpun og menningaruppeldi barna og ungmenna
- Halda áfram uppbyggingu á menningartengdri starfsemi á Breið og efla frekar Byggðasafnið í Görðum
- Viðhalda sögu Kúttar Sigurfara með viðeigandi hætti



Fjölbreytt atvinnulíf

Á Akranesi er fjölbreytt og sterkt atvinnulíf sem byggir á sterkum innviðum.

Við höfum:

- ✔ Tryggt áframhaldandi rekstur fiskmarkaðar
- ✔ Lækkað álögur á fyrirtæki
- ✔ Þrýst á um vegabætur á Kjalarnesi
- ✔ Lagt grunn að bættu deiliskipulagi Akraneshafnar
- ✔ Staðið fyrir tilraunasiglingum farþegaferju milli Akraness og Reykjavíkur
- ✔ Markaðssett Akranes fyrir skemmtiferðaskip
- ✔ Sett á stofn Þróunarfélag Grundartangasvæðisins í samvinnu við aðra hagsmunaaðila

Við munum:

- Hlúa vel að starfandi fyrirtækjum á Akranesi
- Uppfæra og innleiða atvinnustefnu með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnulífinu
- Vinna stefnumótun í ferðamálum
- Bæta framboð á atvinnulóðum
- Bæta hafnaraðstöðu í samvinnu við Faxaflóahafnir
- Halda áfram að hlúa að nýsköpun og vaxtarsprotum
- Stuðla að áframhaldandi ferjusiglingum milli Akraness og Reykjavíkur
- Berjast áfram fyrir vegabótum á Kjalarnesi, lagningu Sundabrautar og tvöföldun Hvalfjarðargangna



Gagnsæ og skilvirk stjórnsýsla

Akraneskaupstaður er í flokki fremstu sveitarfélaga í fjármálastjórn og skilvirkri stjórnsýslu.

Við höfum:

- ✔ Lækkað lífeyrisskuldbindingar um rúman milljarð
- ✔ Lækkað skuldir á hvern íbúa
- ✔ Lækkað kostnað við miðlæga stjórnsýslu
- ✔ Gert fimm ára framkvæmda- og fjárfestingaáætlun
- ✔ Eflt samtali og upplýsingagjöf til íbúa
- ✔ Opnað þjónustuvef fyrir íbúa

Við munum:

- Halda áfram skynsamri ráðstöfun fjármuna
- Tryggja farsæla niðurstöðu gagnvart ríkinu varðandi lífeyrisskuldbindingar
- Efla frekar upplýsingagjöf með sérstakri kynningu til nýrra íbúa.
- Auka skilvirkni með bættri upplýsingatækni
- Halda áfram endurbótum og viðhaldi mannvirkja í samræmi við viðhaldsáætlun
- Virkja betur ungt fólk til þátttöku og áhrifa í bæjarmálum
- Halda áfram góðu samtali við bæjarbúa með opnum fundum





Allir velkomnir

Við bjóðum ykkur velkomin á kosningarskrifstofu flokksins að Kirkjubraut 8 þar sem frambjóðendur okkar taka á móti ykkur og geta svarað spurningum ykkar um framboðið og stefnumálin okkar.

Frekari upplýsingar um stefnu og frambjóðendur sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins www.xdakranes.is

Akstur á kjörstað í síma: 8530018

Höldum áfram og setjum X við D

 [xdakranes2018](https://www.instagram.com/xdakranes2018)

 [xdakranes2018](https://www.facebook.com/xdakranes2018)

Höldum áfram!

Valið er skýrt 26 maí.

Vertu með að gera lífið betra á Akranesi!



Ljósmyndir: Bjarki Halldórsson, Gunnar Viðarsson



D



xd.is